



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Ársskýrsla
2015/2016





Efnisyfirlit

1. Stjórnun og rekstur	4
2. Starfsemi	8
3. Listamenn sem komu fram með hljómsveitinni 2015-16	14
4. Tónleikar starfsárið 2015-16.....	17
5. Hljóðritanir og hljómdiskar.....	26
6. Tónverk hljóðrituð eða flutt á tónleikum á starfsárinu	27
7. Starfsmannahald 2015-2016	32
8. Fjöldi tónleikagesta.....	36

1. Stjórnun og rekstur

Starfsárið 2015-2016 var 66. starfsár Sinfóníuhljóm- sveitar Íslands og fjórða heila starfsár hljóm- sveitarinnar í Hörpu. Alls hélt hljómsveitin 82 tónleika á starfsárinu, auk Tectonics hátíðarinnar og annarra viðburða. Um 87.000 gestir sóttu viðburði á vegum hljómsveitarinnar og flutt voru yfir 230 minni og stærri verk.

Stjórnun

Samkvæmt lögum um Sinfóníuhljómsveit Íslands (SÍ) standa ríkissjóður og Reykjavíkurborg að rekstri hljómsveitarinnar. Ríkissjóður greiðir 82% af rekstrarkostnaðinum en Borgarsjóður Reykjavíkurborgar 18%.

Stjórn Sinfóníuhljómsveitar Íslands

Stjórn Sinfóníuhljómsveitar Íslands var skipuð til fjögurra ára í nóvember 2014 og er því skipunartími hennar til 13. nóvember 2018. Stjórnarformaður er Sigurbjörn Þorkelsson.

Stjórnin er þannig skipuð: Sigurbjörn Þorkelsson formaður stjórnar, skipaður af mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Friðjón Friðjónsson varaformaður, skipaður af mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Oddný Sturludóttir, skipuð af Reykjavíkurborg. Bryndís Pálsdóttir, fulltrúi SMFSÍ og Jens Garðar Helgasson skipaður af fjármála- og efnahagsráðuneytinu.

Varamenn eru: Óttar Guðjónsson, tilnefndur af mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Svanhildur Sigurðardóttir, tilnefnd af mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Sigurjón Kjartansson, tilnefndur af Reykjavíkurborg. Sigurður Bjarki Gunnarsson, tilnefndur af SMFSÍ (sagði sig frá varamennsku en í

hans stað er Bryndís Björgvinsdóttir). Helga Árnadóttir, tilnefnd af fjármála- og efnahagsráðuneytinu.

Á starfsárinu 2015-2016 hélt stjórn Sinfóníuhljómsveitar Íslands alls 10 fundi.

Rekstur

Á árunum 2014 og 2015 náðist jafnvægi í rekstri hljómsveitarinnar og tekjuafgangur var af rekstrinum. Náðist að greiða niður uppsafnaða skuld við ríkissjóð að stærstum hluta.

Á sama tíma hefur starfsemi Sinfóníuhljómsveitarinnar vaxið að umfangi frá flutningi hljómsveitarinnar í Hörpu og fjöldi áheyrenda aukist á milli ára. Fjöldi starfsmanna hefur þó tekið litlum breytingum.

Stærsti hluti rekstrarkostnaðar hljómsveitarinnar er fastur kostnaður á borð við launakostnað og húsaleigu. Hlutfall launakostnaðar í heildar rekstrarkostnaði hefur aukist hægt og bítandi síðustu ár. Breytilegur kostnaður hljómsveitarinnar snýr nær eingöngu að framleiðslukostnaði við tónleika. Eina leiðin fyrir hljómsveitina til að spara í rekstri er að draga úr kostnaði við tónleika og stýra verkefnavali þannig að ekki þurfi að stækka hljómsveitina og kalla til aukafólk. Þetta má glögg sjá á rekstrarreikningi hljómsveitarinnar. Árið 2010, í Háskólabíói var kostnaður við tónleika töluvert hærri en húsaleigan. Síðan hljómsveitin flutti í Hörpu hefur hlutfallið hins vegar snúist við þannig að kostnaður við tónleika er um helmingur af kostnaðinum við húsaleiguna í Hörpu. Á sama tíma hefur tónleikum og öðrum viðburðum á vegum hljómsveitarinnar fjölgað úr 88 í 110. Það er augljóst að þessi staðreynd veikir

möguleika hljómsveitarinnar á listrænni framþróun einmitt þegar hljómsveitinni hafa verið skapaðar kjöraðstæður í Hörpu. Mikilvægt er að hljómsveitinni takist á næstu misserum að auka við það fjármagn sem hún leggur í listræna starfsemi sína.

Aðalstjórnandi

Á starfsárinu náðist samkomulag við Yan Pascal Tortelier um að taka við stöðu aðalhljómsveitarstjóra frá og með hausti 2016 til þriggja ára. Yan Pascal Tortelier hefur átt langan og farsælan feril sem hljómsveitarstjóri og óhætt að fullyrða að aldrei hafi jafn alþjóðlega þekktur og virtur tónlistarmaður tekið við stöðu aðalhljómsveitarstjóra hjá hljómsveitinni. Það eru því mikil meðmæli með Sinfóníuhljómsveit Íslands og ljóst að eftirvæntingin hjá hljómsveitinni er mikil.

Aðalgestastjórnandi

Osmo Vänskä tók við stöðu aðalgestastjórnenda starfsárið 2014-2015. Nafn Osmo, sem stendur á hátindi sín ferils hefur haft mikið að segja fyrir aðdráttarafl hljómsveitarinnar hvað varðar þá stjórnendur og listamenn sem hljómsveitin hefur fengið til samstarfs við sig á liðnum misserum. Tónleikum hljómsveitarinnar þar sem Osmo stendur á stjórnendapallinum er alltaf beðið með mikilli eftirvæntingu af bæði hljómsveit og áheyrendum. Það var því mikið gleðiefni fyrir hljómsveitina að samningurinn við Osmo hefur verið framlengdur til ársins 2020.

Heiðursstjórnandi

Vladimir Ashkenazy hefur frá árinu 2002 verið heiðursstjórnandi Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Á hverju starfsári stjórnar hann að minnsta kosti einum tónleikum hljómsveitarinnar. Á starfsárinu 2015-2016 stjórnaði Ashkenazy tvennum tónleikum. Fyrri

tónleikarnir voru tileinkaðir afmælum Nielsen og Sibeliusar en þeir síðari 45 ára afmæli Listahátíðar í Reykjavík en Vladimir Ashkenazy er heiðursforseti hátíðarinnar enda einn aðahvatamanna þess að hátíðin væri stofnuð árið 1970. Það er óhætt að segja að Ashkenazy hafi haft gríðarleg áhrif á íslenskt tónlistar- og menningarlíf í gegnum tíðina, ekki bara með aðkomu sinni á vettvangi Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Listahátíðar í Reykjavík heldur var hann líka talsmaður þess að byggt yrði tónlistarhús fyrir hljómsveitina, skipulagði söfnunartónleika Lundúnar Fílharmoníunnar á áttunda áratugnum og var í fararbroddi fyrir vinningstillögur Portus sem byggði Hörpu. Þannig má segja að Vladimir Ashkenazy hafi lagt þrjá hornsteina að íslensku tónlistarlífi.

Staðarlistamaður

Í byrjun árs 2015 var Daníel Bjarnason tónskáld og hljómsveitarstjóri ráðinn staðarlistamaður Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Sem staðarlistamaður hefur Daníel gegnt margþættu og mikilvægu hlutverki hjá hljómsveitinni sem hljómsveitarstjóri, tónskáld og leiðbeinandi tónskáldastofunnar Yrkju auk þess að sitja í verkefnavalsnefnd hljómsveitarinnar. Daníel hefur verið í fararbroddi hjá hljómsveitinni í að skapa og styrkja alþjóðleg tengsl hennar við erlendar hljómsveitir og útgáfufyrirtæki. Að Sinfóníuhljómsveit Íslands státi af jafn sterkum og fjölbreyttum stjórnendakvartett að störfum hjá hljómsveitinni vekur alþjóðlega eftirtekt, sýnir listræna stöðu og stuðlar að enn frekari framþróun hennar .

Verkefnavalsnefnd

Samkvæmt lögum um Sinfóníuhljómsveit Íslands er stjórn hljómsveitarinnar heimilt að skipa verkefnavalsnefnd og kveða á um hlutverk og skipulag þeirrar nefndar. Starfsárið 2013-2014 tók stjórn þá ákvörðun að stækka verkefnavalsnefndina úr 5 manns í 9 með það fyrir augum að efla nefndina þannig að þar séu höfð til hliðsjónar listræn, fræðslu, markaðs og rekstrarleg sjónarmið. Skipað var í nefndina til tveggja ára sem situr enn. Starfsárið 2015-2016 sátu í verkefnavalsnefnd Árni Heimir Ingólfsson, listrænn ráðgjafi og formaður nefndarinnar, Daníel Bjarnason skipaður af stjórn, Anna Sigurbjörnsdóttir, tónleikastjóri, Margrét Ragnarsdóttir markaðs- og kynningarstjóri, Hjördís Ástráðsdóttir, fræðslustjóri, Magnús Lyngdal fulltrúi stjórnar, Sigrún Eðvaldsdóttir, konsertmeistari, Eiríkur Örn Pálsson og Steef Van Ousterhout eru skipuð af SMFSÍ og Þórunn Ósk Marinósdóttir er varamaður.



2. Starfsemi

Áskriftarraðir

Áskriftarraðir voru að mestu með sama móti og síðustu ár og boðið upp á gula, rauða og græna röð auk Litla tónsprotans sem hugsaður er fyrir alla fjölskylduna. Í gulri og rauðri röð er boðið upp á 7 tónleika en í grænni röð 5. Á þessum röðum hafa gestir sitt fasta sæti á alla tónleika raðarinnar. Fyrir utan litaraðirnar stendur áskrifendum til boða að setja saman sína eigin röð á Regnbogakort.

Seinni hluta vetrar hóf ný tónleikaröð göngu sína, Föstudagsröðin. Daníel Bjarnason er listrænn stjórnandi raðarinnar og þar teflir hann saman hljómsveitarverki og styttri einleiksverkum á klukkustundarlöngum tónleikum í Norðurljósasal Hörpu. Eins og nafnið gefur til kynna voru þessir tónleikar á föstudögum og voru þeir þrennir talsins. Þessi nýjung þótti gefast vel og verða aftur þrennir tónleikar í þessari röð seinni hluta starfsársins 2016-17.

Á starfsárinu 2015-16 var bryddað upp á þeirri nýjung að hægt var að kaupa aðgang að lokaæfingum á tónleikadegi allra áskriftartónleika í gulri, grænni og rauðri röð.

Tónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands á starfsárinu 2015-16 voru samtals 82 auk annarra viðburða sem voru 51 talsins.

Tónleikar utan áskriftar

Af tónleikum utan raða má nefna tvenna opna hádegistónleika í Flóa og tvenna tónleika í Eldborg með söngkonunni og lagasmiðnum Emilfönu Torrini. Á tónleikum Emilfönu hljómaði úrval hennar bestu laga í nýjum og fjölbreyttum útsetningum sem unnar voru sérstaklega af þessu tilefni. Stjórnandi á tónleikunum var breski hljómsveitarstjórinn Hugh Brunt.

Tónleikar

Gul röð	7	
Rauð röð	8	þar af 1 endurtekni
Græn röð	8	þar af 3 endurtekni
Föstudagsröðin	3	
Litli tónsprotinn	8	þar af 4 endurtekni
Tónlistarflutningur á balletsýningum	9	þar af 7 endurtekningar
Tónleikar utan áskrifta	15	
Barnastundir	2	
Hádegistónleikar	2	
Leik- og grunnskólatónleikar	18	þar af 14 endurtekni
Framhaldsskólatónleikar	2	
Tónleikar alls	82	

Aðrir tónleikar og viðburðir

Tectonics Reykjavík	8	
Ungsveit Sinfóníunnar	1	
Opnar lokaæfingar	19	
Opnar æfingar fyrir eldri borgara	1	
Tónleikakynningar	16	
Heimsóknir í fyrirtæki	5	
Aðrir minni viðburðir	1	
Samtals viðburðir	51	

Samstarf við Hörpu

Í nóvember 2015 lék Sinfóníuhljómsveitin undir hjá St. Petersburg Festival Ballett í flutningi á Svanavatninu eftir Tsjajkovsij undir stjórn Sergei Fedoseev. Viðburðurinn sem Harpa stóð fyrir tókst mjög vel og urðu sýningar alls fjórar. Þetta var annað árið í röð þar sem efnt var til slíks samstarfs og stefnir allt í að framhald verði á.

Á **Meningarnótt í Reykjavík** hélt hljómsveitin tvenna tónleika í Eldborg. Annars vegar voru barnatónleikar þar sem flutt var ævintýrið um Tobba túbu. Nimrod Ron túbuleikari hljómsveitarinnar lék þar einleik og Bernharður Wilkinson hélt um tónsprotann. Á seinni tónleikunum gekk Ari Eldjárn til liðs við sveitina og flutti uppistand á milli þess sem hljómsveitin lék þekkt hljómsveitarverk. Þetta samstarf þótti gefast svo vel að ákveðið var að efna til frekara samstarfs við Ara á komandi starfsári.

Tectonics Reykjavík tónlistarhátíðin var haldin í fimmta sinn af Sinfóníuhljómsveit Íslands dagana 14. og 15. apríl. Listrænn stjórnandi hátíðarinnar og hugmyndasmiður var Ilan Volkov. Hátíðin var eins og hingað til vettvangur tónlistarlegra tilrauna einstaklega fjölbreytts hóps flytjenda úr hinum ýmsu geirum tónlistarinnar. Meðal gesta sem léku með hljómsveitinni var bandaríski saxófónleikarinn Roscoe Mitchell, sem er þekktur í heimi spunadjassins. Eins og áður var hátíðin einnig mikilvægur vettvangur fyrir ung íslensk tónskáld. Hátíðin hefur fært mjög út kvíarnar og er nú haldin víða um heim. Nú hefur hins vegar verið ákveðið að hlé verði á hér á Íslandi og mun verða leitast við að efla samstarfið við íslensk nútímatónskáld á öðrum vettvangi.

Iceland Airwaves og Sinfóníuhljómsveit Íslands gengu að þessu sinni til samstarfs við hinn heimspekkta listamann John Grant. Ásamt hljómsveit hans sjálfs undir stjórn hljómsveitarstjórans

Christopher George voru flutt eldri lög og nýrri í bland. Haldnir voru tvennir tónleikar fyrir fullu húsi og þótti takast afar vel til.

Myrkir músíkdagar: Daníel Bjarnason stjórnaði verkum eftir Áskel Másson, Hauk Tómasson, Þórð Magnússon og hinn sænska Rolf Wallin. Melkorka Ólafsdóttir lék einleik á flautu í frumflutningi á verki Áskels Mássonar, Gullský og Víkingur Heiðar Ólafsson lék einleik á píanó í frumflutningi á píanó-konsert Þórðar Magnússonar.

Listahátíð í Reykjavík: Aðkoma Sinfóníuhljómsveitar Íslands að Listahátíð var umfangsmikil, að þessu sinni stjórnaði Vladimir Ashkenazy tóneikunum. Í upphafi stóð til að einleikari yrði sonur hans píanóleikarinn Vovka Ashkenazy, en því miður þurfti hann að boða forföll. Í skarðið hljóp hinn víðfrægi franskur píanóleikari Jean-Efflam Bavouzet. Ekki gat því orðið af frumflutningi á píanókonsert eftir Rögnvald Sigurjónsson en Bavouzet lék listilega píanókonsert í G-dúr eftir Maurice Ravel. Önnur verk á dagskránni voru fantasíuforleikur Tsjajkovskijs um Rómeó og Júlíu og 6. sinfónía Beethovens.

Auk þessara tónleika tók Sinfóníuhljómsveit Íslands að sér að leika undir á 5 ballettsýningum dagana 28.-31. maí þegar San Francisco ballettinn undir stjórn Helga Tómassonar sótti Ísland heim. Harpa tónlistar- og ráðstefnuhús stóð ásamt Listahátíð að þessari heimsókn. Helgi Tómasson hefur stjórnað ballettflokknum í rúm 30 ár og voru dansverkin sem flutt voru á þessum sýningum sérvalin til að sýna þá fjölbreytni sem býr í flokknum, en einnig má segja að þau marki nokkra af fjölmörgum hátindum á ferli Helga enda varð úr mikil veisla fyrir augu og eyru.

Tónleikaferðir

Sinfóníuhljómsveitin lagði land undir fót á starfsárinu með glæsilega dagskrá í farteskinu. Daníel Bjarnason stjórnaði hljómsveitinni í flutningi á eigin verki Blow Bright, í klarínnettukonsert Mozarts með Arngunni Árnadóttur sem einleikara og að lokum hinni mikilfenglegu 4. sinfóníu Tsjaikovskijs. Ákveðið var að heimsækja þrjá staði, Ísafjörð, Akureyri og Egilsstaði og var ferðin kölluð „Landshorna á milli“.

Kynningarefni vegna ferðarinnar var unnið í samvinnu við Flugfélag Íslands. Á Ísafirði og Egilsstöðum voru einnig haldnir skólatónleikar þar sem flutt var ævintýrið Maxímús Músíkús heimsækir hljómsveitina. Tónleikarnir á Ísafirði fóru fram þann 26. október og á Akureyri þann 29. október. Fyrirhugaður tónleikadagur á Egilsstöðum var 29. október en þá reyndist ekki flugfært austur. Sem betur fer tókst betur til í annari tilraun og voru haldnir skóla- og kvöldtónleikar á Egilsstöðum þann 18. nóvember.

Fræðslustarf

Skólatónleikar og fræðsluverkefni

Sinfóníuhljómsveit Íslands heldur úti öflugum fræðslustarfi fyrir börn og fullorðna. Auk fjölskyldutónleika í tónleikaröðinni Litla tónsprotanum býður hljómsveitin nemendum frá leikskólaaldri upp á framhaldsskólastig til skólatónleika.

Alls hélt hljómsveitin 18 leik- og grunnskóla-tónleika á starfsárinu og tvenna menntaskólatónleika. Hljómsveitin lagði land undir fót og í tónleikaferðinni Landshorna á milli var leikið fyrir skólabörn á Vestfjörðum og Austfjörðum. Sem undanfari ferðarinnar voru fræðslupakkar sendir til þeirra skóla sem sóttu tónleika hljómsveitarinnar. Hljómsveitin hefur undanfarin ár tekið þátt í opunarhátíð Barnamenningarhátíðar og í ár með flutningi á Hátíðargjalli eftir Aaron Copland. Í samstarfi við Sjónvarp Símans var boðið upp á að sjónvarpa skólatónleikum á

vorönn 2016. Um 200 ungmenni á Akureyri hlýddu á Eldfuglinn í maí.

Starfskynningar hljómsveitarinnar hafa notið mikillar hylli ásamt fræðslumorgnum þar sem skólahópum á grunn-, framhalds- og háskólastigi er boðið að kynna sér starfsemi Sinfóníuhljómsveitarinnar. Um 300 nemendur, bæði innlendir og erlendir, nýttu sér þessa þjónustu hljómsveitarinnar. Samstarf hefur verið á milli Sinfóníuhljómsveitarinnar og Listaháskólans að lengra komnir nemendur sem stunda nám í hljómsveitarleik komi og leiki með hljómsveitinni á allt að þremur æfingum á starfsárinu, að undan-gengnum undirbúningi kennara, og sækji tónleika sveitarinnar þar sem þátttökuverkin eru leikin. Einnig var tekin upp sú nýbreytni að vinna með nemendum úr LHÍ að myndskreytingu og hönnun myndefnis við eina af fjölskyldutónleikum sveitarinnar um Eldfuglinn.

Barnastund

Barnastundir hljómsveitarinnar, sem hófu göngu sína á vordögum 2012, hafa frá upphafi verið vinsælar gæðastundir meðal fjölskyldna allra yngstu hlustendanna. Á starfsárinu voru haldnar tvær Barnastundir, í október og febrúar, með fjölbreyttri og aðgengilegri 30 mínútna dagskrá. Barnastundirnar eru í opnu rými í Hörpu í návígi við hljómsveitina. Á milli 500-600 manns sækja hverja Barnastund.

Ungsveit Sinfóníuhljómsveitarinnar

Haustið 2015 hélt Sinfóníuhljómsveit Íslands viðamikil hljómsveitarnámskeið fyrir lengra komna

Skólatónleikar og fræðslustarf

	Tónleikar/viðburðir	Nemendur
Leik- og grunnskólatónleikar	18	14.471
Framhaldsskólatónleikar	2	1550
Heimsóknir Skólahópa		299
Ungsveit Sinfóníunnar/hljómsveitarnámskeið		80
		Nemendur alls: 16.400

tónlistarnema. Að þessu sinni var magnþrungin tíunda símfónía Shostakovitsj viðfangsefnið undir stjórn Eivinds Aadland. Í Ungsveitinni leika nemendur við hlið hljóðfæraleikara í Símfóníuhljómsveit Íslands og kynnast samstarfi við hljómsveitarstjóra á heimsmælikvarða.

Ungir einleikarar

Í samstarfi við Listaháskóla Íslands heldur Símfóníuhljómsveitin keppni fyrir unga einleikara og einsöngvara ár hvert. Sigurvegarar þeirrar keppni koma fram með hljómsveitinni á sérstökum tónleikum. Í janúar 2016 unnu þrír einleikarar og einn einsöngvari sér rétt til að koma fram og leika einleikskonserta og flytja aríur með hljómsveitinni.

Tónleikakynningar

Á starfsárinu var boðið upp á 15 tónleikakynningar á undan völdum áskriftartónleikum í gulri, rauðri og grænni áskriftarröð. Tónleikakynningarnar eru unnar í samvinnu við Vínafélag Símfóníuhljómsveitarinnar og sáu Sigurður Ingvi Snorrason, fyrrum klarínnettuleikari hljómsveitarinnar, Árni Heimir Ingólfsson, tónlistarfræðingur og Hjördís Ástráðsdóttir fræðslustjóri hljómsveitarinnar um kynningarnar. Einnig hélt Árni Heimir Ingólfsson fræðsluerindi í Kaldalóni um Beethoven í upphafi starfsársins.

Aðrir viðburðir

Jólalest Símfóníuhljómsveitarinnar lék fyrir gesti og gangandi í desembermánuði. Ferðin hófst í Útvarpshúsinu þar sem nýjum geisladiski hljómsveitarinnar var fylgt úr hlaði. Þá tóku við heimsóknir á Hrafnistu í Reykjavík, Kringluna, til Rauða krossins í Hafnarfirði og IKEA. Góður rómur var gerður að ferð hljómsveitarinnar. Hljóðfæraleikarar Símfóníuhljómsveitarinnar buðu eldri borgurum á opna æfingu á Vínartónlist í upphafi nýs árs. Viðburðurinn mæltist

mjög vel fyrir og sóttu um 1200 gestir opnu æfinguna, bæði af dvalarheimilum og eins úr félagsstarfi eldri borgara. Áframhaldandi samstarf var á milli Símfóníuhljómsveitar Íslands og Skólahljómsveitar Árbæjar og Breiðholts (SÁB). Hljómsveitin sótti Árbæ og Breiðholt heim og lék fyrir nemendur. Einnig kom SÁB fram á Tectonics, tónlistarhátíð hljómsveitarinnar ásamt Skólahljómsveit Kópavogs og með þeim tónleikum lauk formlegu þriggja ára samstarfi Símfóníuhljómsveitarinnar við Skólahljómsveit Árbæjar og Breiðholts. Á sömu tónleikum var nýr samstarfsaðili hljómsveitarinnar til næstu þriggja ára; Skólahljómsveit Kópavogs undir stjórn Össurar Geirssonar, kynntur til leiks. Á vordögum 2016 var ýtt úr vör nýju alþjóðlegu þróunarverkefni um vögguvísur. Að verkefninu standa Símfóníuhljómsveit Íslands í samvinnu við erlenda og innlenda listamenn og skóla sem búa við menningarlegan fjölbreytileika svo sem Austurbæjarskóla, Fellaskóla og Kársnesskóla í Kópavogi.

Mannauðsmál

Á starfsárinu 2015-2016 störfuðu um 110 fastráðnir starfsmenn hjá Símfóníuhljómsveit Íslands og fékk hljómsveitin um 55 lausráðna hljóðfæraleikara til liðs við sig á starfsárinu.

Viðfangsefni vetrarins var m.a. að efla liðsheild og vinna með styrkleika einstaklingsins. Haldið var áfram að leggja áherslu á góð og uppbyggileg samskipti milli starfsmanna á starfsárinu, enda er það á ábyrgð allra innan Símfóníunnar að stuðla að góðum samskiptum og starfsanda á vinnustaðnum. Reglulega voru haldnir starfsmannafundir með öllu starfsfólki, deildarfundir, leiðarafundir og samráðsfundir með stjórn SMFSÍ. Viðtöl við framkvæmdastjóra héldu áfram þar sem starfsfólki gafst frekara tækifæri til að koma sínum skoðunum á framfæri á formlegan hátt.

Haldið var áfram með starfsmannasamtal milli leiðara og hljóðfæraleikara veturinn 2015-16 og eru helstu áherslupunktur sem fyrr líðan starfsmanns, upplýsingaflæði, starfið og starfsánægja.

Boðið var upp á fræðslufundi um framkomu á sviði og í sjónvarpi, klæðnað og förðun svo og fræðslu um styrkleika, viðhorfsstjórnun og jákvæðar tilfinningar. Heilsuefning fékk sinn sess á starfsárinu með heilsuæfingum á sviði, heilsunuddi á góðu verði og stuðningi við heilsurækt í Hörpu.

Á vormánuðum kom starfsfólk saman til þess að ræða og endurskoða gildin sem segja má að endurspegli það sem hljómsveitin stendur fyrir. Niðurstaða þeirrar vinnu var að bæta við einu gildi sem endurspeglar liðsheild og samhljóm milli samstarfsfólks þ.e. liðshygd. Í dag eru því fjögur megingildi höfð að leiðarljósi í starfseminni en þau eru:

- Listrænn metnaður
- Liðshygd
- Fagmennska
- Fjölbreytni


Markaðs- og kynningarmál

Heildarfjöldi tónleikagesta 2015-16 var 86.256 og eru þá taldir gestir á öllum tónleikum hjómsveitarinnar með skólatónleikum í Hörpu og á tónleikaferðum. Aukningu gesta á milli ára má m.a. rekja til fjölda gesta á alls sjö ballettsýningum sem haldnar voru í samstarfi við Hörpu.


Áskriftasala jókst um 4% milli starfsára en heildarfjöldi seldra miða er svipaður og á síðasta starfsári. (Þess má geta að miðasala á ballettsýningar eru ekki inni í miðasölutölum Sinfóníunnar þar sem Harpa stóð fyrir sýningahaldi og miðasölu.)

Nýtt starfsár hófst með tvennum tónleikum á opnu húsi á Menningarnótt í Reykjavík og tónleikunum Klassíkin okkar sem sendir voru beint út á RÚV í kjölfar kosninga um vinsælasta tónverkið

Þróun fjölda tónleikagesta



Fjöldi seldra áskriftarkorta



Þróun í miðasölu

	'09/'10	'10/'11	'11/'12	'12/'13	'13/'14	'14/'15	'15/'16
Heildarsala	36.743	50.130	56.950	56.873	51.757	51.546	51669
- Utan áskriftar	23.423	34.876	33.211	35.185	31.085	31.750	32431
- Innan áskriftar	13.320	15.254	23.739	21.688	20.672	19.796	19238
Hlutfall áskrifta	36,30%	30,40%	41,70%	38,00%	40%	38%	37%

meðal Íslendinga. Þessir viðburðir og fyrstu tónleikar Yan Pascal Tortelier sem aðalhljómsveitarstjóra hjálpuðu til við að varpa kastljósinu að hljómsveitinni og jákvæðri fjölmiðlaumfjöllun strax í upphafi starfsárs.

Markaðsstarfi Sinfóníunnar var fylgt eftir með kynningarefni þar sem hljóðfæraleikarar voru í forgrunni líkt og undanfarin ár og hljómsveitin kynnt

með persónulegum hætti. Áhersla var lögð á að efla rafræna markaðssetningu og var mikið lagt upp úr gerð lifandi myndbanda til sýninga á vef hljómsveitarinnar og á samfélagsmiðlum. Einnig var lagður grunnur að nýrri heimasíðu sem hentar betur í snjalltæki og fer í loftið í byrjun næsta starfsárs. Gerðar voru skoðanakannanir meðal áskrifenda um tónleikaraðir Sinfóníunnar og þjónustu í Hörpu.

Gamma var aðalstyrktaraðili hljómsveitarinnar á starfsárinu og var það þriðja og síðasta árið af samstarfssamningi. Gamma kynnti samstarfið í auglýsingum sem birtar voru í dagblöðum og tímaritum. Ákveðið var í lok starfsársins að halda samstarfinu áfram og undirrita nýjan samning í upphafi næsta starfsárs.

Áheyrendaþing Sinfóníuhljómsveitar Íslands

Efnt var til áheyrendaþings í mars í Björtuloftum. Þingið var hugsað sem vettvangur fyrir skoðanaskipti og beint samtal á milli hljómsveitarinnar og áheyrenda hennar, bæði nýrra og þeirra sem hafa fylgt henni lengi. Þar gafst áheyrendum og áskrifendum hljómsveitarinnar tækifæri til að ræða við hljóðfæraleikara og aðra stjórnendur Sinfóníuhljómsveitar Íslands með það að markmiði að auka aðgengi áheyrenda að hljómsveitinni. Á þinginu fóru fram pallborðsumræður og unnið var í hópum. Þingið þótti takast vel og margt áhugavert kom þar fram.

Úr tónleikasal – beinar útsendingar og upptökur

Samstarf við Ríkisútvarpið er mjög mikilvægt til að ná til áheyrenda um land allt og líkt og áður útvarpaði RÚV frá flestum tónleikum hljómsveitarinnar á Rás 1. Sent var beint frá 22 tónleikum og 12 tónleikar voru teknir upp og sendir út síðar á Rás 1. Vönduð dagskrárgerð Rásar 1 fylgir útsendingum og á undan tónleikum er sendur út þátturinn Á leið í tónleikasal.

Upptökurnar eru síðan aðgengilegar í Sarpinum á ruv.is næstu sex vikur. RÚV sendi einnig beint út í sjónvarpi frá Klassíkinni okkar sem var sérstakt samstarfsverkefni Sinfóníunnar og RÚV. Þá voru tónleikarnir með John Grant og Emilíönu Torrini teknir upp fyrir sjónvarp til útsendingar síðar. Fjöldi tónleika er einnig sendur út á erlendum útvarpsstöðvum þar sem RÚV er aðili að EBU eða Evrópusamtökum útvarpsstöðva.

Sinfóníuhljómsveit Íslands og Síminn héldu áfram samstarfi sínu í kjölfar tilraunaútsendinga sem fóru fram undir lok starfsársins á undan. Völdum tónleikum var sjónvarpað beint á sérstakri rás í Sjónvarpi Símans og gafst fólki kostur á að kaupa áskrift að rásinni. Þessi nýjung var kynnt í samstarfi Símans og Sinfóníunnar. Sent var út beint frá 16 áskriftartónleikum í Sjónvarpi Símans og tvennir tónleikar voru teknir upp og sendir út síðar. Að auki var sent út frá tvennum skólatónleikum.

Upptökustjórn og útsendingar voru í höndum Sýrlands og þóttu takast vel en hins vegar reyndist erfitt að selja áskrift að rásinni. Í lok starfsársins tók Síminn þá ákvörðun að halda ekki áfram með verkefnið þar sem það stæði ekki undir sér. Mikil reynsla og þekking var þó komin á útsendingar af þessu tagi og áveðið var að halda áfram samstarfi við Sýrland í breyttri mynd.

Gefnir voru út tveir hljómdiskar í samvinnu við Smekkleysu, diskur með hljómsveitinni og Sigrúnu Eðvaldsdóttur í einleikshlutverkinu og diskurinn Jólalög sem seldist mjög vel og var tilnefndur til Íslensku tónlistarverðlaunanna.

3. Listamenn sem komu fram með hljómsveitinni 2015-16

Hljómsveitarstjórar

Antonio Méndez
Bernharður Wilkinson
Christopher George
Cornelius Meister
Daníel Bjarnason
Dima Slobodeniouk
Eivind Aadland
Gennadíj Rosdestvenskíj
Guðni Franzson
Hallfríður Ólafsdóttir
Hannu Lintu
Hugh Brunt
Ilan Volkov
James Gaffigan
JoAnn Falletta
Johannes Gustavsson
Martin West
Matthew Halls
Ola Rudner
Osmo Vänskä
Rico Saccani
Sergei Fedoseev
Tõnu Kaljuste
Vladimir Ashkenazy

Íslenskir einleikarar og

einsöngvarar

Anna Guðný Guðmundsdóttir, píanó
Arngunnur Árnadóttir, klarínnett
Baldvin Oddsson, trompet
Beta Ey og Elín Ey, bakraddir
Birna Hallgrímsdóttir, píanó
Dísella Lárusdóttir, söngur
Elmar Gilbertsson, söngur
Emilía Rós Sigfúsdóttir, flauta
Emiliana Torrini, söngur
Guðrún Ingimarsdóttir, söngur
Hallveig Rúnarsdóttir, söngur
Heiðís Hanna Sigurðardóttir, söngur
Jakob Smári Magnússon, bassi
John Grant, söngur
Jónas Ásgeir Ágeirsson, harmonikka
Katie Buckley, harpa
Kolbrún Völkudóttir, táknmálssöngur
Kristinn Sigmundsson, söngur
Kristinn Snær Agnarsson, trommur
Laufey Lín Jónsdóttir, selló
Melkorka Ólafsdóttir, flauta
Nicola Lolli, fiðla
Nimrod Ron, túba
Ólafur Kjartan Sigurðarson, söngur
Pétur Hallgrímsson, gítar
Pétur Orri Arnarsson, klarínnett
Ragnar Jónsson, selló
Sif Margrét Tulinius, fiðla
Sigríður Hjördís Indriðadóttir, flauta
Víkingur Heiðar Ólafsson, píanó
Þóra Einarsdóttir, söngur

Erlendir einleikarar og

einsöngvarar

Alexander Romanovsky, píanó
Baiba Skride, fiðla
Behzod Abduraimov, píanó
Claudio Puntin, klarínnett og rafhljóð
Daisy Chute, bakrödd
Esther Yoo, fiðla
Jamie Barton, söngur
Jean-Efflam Bavouzet, píanó
Kirill Gerstein, píanó
Lisa Larsson, söngur
Mara Carlyle, sög og söngur
Orion Weiss, píanó
Robert Levin, píanó
Roscoe Mitchell, gítar
Séverine Ballon, selló
Steven Osborne, píanó



Kórar og sögumenn o.fl.

Ari Eldjárn, kynnir
Bjöllukór Tónlistarskóla Reykjanesbæjar
Karen Janine Sturlaugsson, kórstjóri
Egill Ólafsson, sögumaður
Elísabet Indra Ragnarsdóttir, kynnir
Fiðluhópur
Lilja Hjaltadóttir, stjórnandi
Gerður Sjöfn Ólafsdóttir, táknmálstúlkur
Graduale Futuri
Rósa Jóhannesdóttir, kórstjóri
Gradualekór Langholtskirkju
Jón Stefánsson og Harpa Harðardóttir, kórstjórar
Halldóra Geirharðsdóttir, sögumaður
Hamrahlíðarkórarnir
Þorgerður Ingólfssdóttir, kórstjóri
Hjördís Ástráðsdóttir, kynnir
Karlakórinn Fóstbræður
Árni Harðarson, kórstjóri
Kórskóli Langholtskirkju
Bryndís Baldvinsdóttir, stjórnandi
Krúttkór Langholtskirkju
Björg Þórsdóttir og Thelma Hrönn Sigurdórsdóttir, kórstjórar
Lilja Katrín Sigurðardóttir, Sprengju-Kata
Litlu sprotarnir
Laila Margrét Arnbórsdóttir, stjórnandi
Nemendur úr Listdansskóla Íslands
Guðmundur Helgason, danshöfundur og æfingastjórn
Hildur Ólafsdóttir, æfingastjórn
Óperukórinn í Reykjavík
Garðar Cortes, söngstjóri
San Francisco ballettinn, dans
St. Petersburg Festival Ballet, dans
Valur Freyr Einarsson, sögumaður
Ævar Þór Benediktsson, sögumaður

Listamenn á Tectonics Reykjavík hátíðinni

Berglind Tómasdóttir
Borgar Magnason
Daníel Bjarnason
Davíð Brynjar Franzson
Evan Johnson
Fanny Sif Pedersen
Flemming Viðar Valmundsson
Frank Denyer
Goodiepal
Gunnar Karel Mátsson
Guy Wood
Hafdís Bjarnadóttir
Halldór Smáráson
Hlynur Aðils Vilmarsson
Ilan Volkov
Ingi Garðar Erlendsson
Jim O'Rourke
Johan Svensson
Kira Kira
María Huld Markan Sigfúsdóttir
Nemendur LHÍ
Nynne Roberta Pedersen
Össur Geirsson
Peter Ablinger
Pétur Ben
Rachel Beetz
Roscoe Mitchell
S.L.Á.T.U.R.
Séverine Ballon
Sigurður Halldórsson
Skólahljómsveit Árbæjar og Breiðholts
Snorri Heimisson
Steingrímur Rohloff
Tinna Þorsteinsdóttir
Ungsveit SÍ
Þóra Margrét Sveinsdóttir
Þráinn Hjálmarsson

4. Tónleikar starfsárið 2015-16

Áskriftartónleikar

Gul tónleikaröð

10. september 2015 - Arngunnur spilar Mozart

- Jórunn Viðar: Eldur
- Wolfgang Amadeus Mozart: Klarínettkonsert
- Robert Schumann: Sinfónía nr. 1 í B-dúr (Vorsinfónían)
Cornelius Meister hljómsveitarstjóri
Arngunnur Árnadóttir einleikari

8. október 2015 - Víkingur leikur Skrjabín

- Ludwig van Beethoven: Coriolan, forleikur
- Aleksandr Skrjabín: Píanókonsert
- Franz Peter Schubert: Sinfónía nr. 9 í C-dúr
Eivind Aadland hljómsveitarstjóri
Víkingur Heiðar Ólafsson einleikari

26. nóvember 2015 - Daniel og Debussy

- Claude Debussy: Forleikur að Síðdegi skógarpúkans
- György Ligeti: Lontano
- Gustav Mahler: Kindertotenlieder
- Daníel Bjarnason: Collider (frumflutningur á Íslandi)
- Claude Debussy: La mer
Daníel Bjarnason hljómsveitarstjóri
Ólafur Kjartan Sigurðarson einsöngvari

18. febrúar 2016 - Barton syngur Brahms

- Franz Schubert: Rósamunda, forleikur
- Johannes Brahms: Rapsódía fyrir altrödd, karlakór og hljómsveit
- Anton Bruckner: Sinfónía nr. 5
Hannu Lintu hljómsveitarstjóri
Jamie Barton einsöngvari
Karlakórinn Fóstbræður, Árni Harðarson kórstjóri

10. mars 2016 - Rakhmanínov og Beethoven

- Jean Sibelius: Ofviðrið, svíta nr. 2
- Sergej Rakhmanínov: Píanókonsert nr. 1
- Ludwig van Beethoven: Sinfónía nr. 1
Dima Slobodeniouk hljómsveitarstjóri
Alexander Romanovsky einleikari

7. apríl 2016 - Ravel og Dvorák

- Maurice Ravel: Rapsodie espagnole
- Jacques Ibert: Flautukonsert
- Antonín Dvorák: Sinfónía nr. 8
Antonio Méndez hljómsveitarstjóri
Emilía Rós Sigfúsdóttir einleikari

9. júní 2016 - Himnasælusinfónían

- Modest Músorgskíj: Dögun við Moskvufljót, forleikur
- Rolf Martinsson: Ich denke dein... fyrir sópran og hljómsveit
- Gustav Mahler: Sinfónía nr. 4
Eivind Aadland hljómsveitarstjóri
Lisa Larsson einsöngvari

Rauð tónleikaröð

13. september 2015 - Uppáhaldsariur Kristins

(endurteknir 4. sept. kl. 20)

- Gioacchino Rossini: Rakarinn í Sevilla, forleikur
- Gioacchino Rossini: La culunnia úr Rakaranum í Sevilla
- Wolfgang Amadeus Mozart: Brúðkaup Fígarós, forleikur
- Wolfgang Amadeus Mozart: La vendetta úr Brúðkaupi Fígarós
- Wolfgang Amadeus Mozart: Non più andrai úr Brúðkaupi Fígarós

- Giuseppe Verdi: I vespri siciliani, forleikur
- Giuseppe Verdi: Come dal ciel precipita úr Macbeth
- Giuseppe Verdi: Un giorno di regno, forleikur
- Giuseppe Verdi: Sperate, o figli! úr Nabucco
- Giuseppe Verdi: Vald örlaganna, forleikur
- Giuseppe Verdi: Vieni, o levita! úr Nabucco
- Giuseppe Verdi: Kór hebresku þrælanna úr Nabucco
- Giuseppe Verdi: Oh, chi piange? úr Nabucco
- Wolfgang Amadeus Mozart: Madamina il catalogo e questo úr Don Giovanni (aukalag)
Rico Saccani hljómsveitarstjóri
Kristinn Sigmundsson einsöngvari
Óperukórinn í Reykjavík, Garðar Cortes söngstjóri

1. október 2015 - Þóra og Ashkenazy

- Johannes Brahms: Sinfónía nr. 2
- Jean Sibelius: Luonnotar
- Jean Sibelius: Sinfónía nr. 5
Vladimir Ashkenazy hljómsveitarstjóri
Þóra Einarsdóttir einsöngvari

12. nóvember 2015 - Baiba spilar Beethoven

- Ludwig van Beethoven: Fiðlukonsert
- Maurice Ravel: Alborada del gracioso (Morgunsöngur æringjans)
- Maurice Ravel: Ma mère l'Oye (Gæsamömmusvíta)
- Maurice Ravel: La valse (Valsinn)
Eivind Aadland hljómsveitarstjóri
Baiba Skride einleikari

21. janúar 2016 - Osmo og Mahler

- Jón Leifs: Þrjú óhlutræn málverk
- Jean Sibelius: Fiðlukonsert
- Gustav Mahler: Sinfónía nr. 1
Osmo Vänskä hljómsveitarstjóri
Esther Yoo einleikari

11. febrúar 2016 - Leníngrad-sinfónían

- Dmitrj Shostakovitsj: Sinfónía nr. 7 (Leníngradsinfónían)
- Pjotr Tsjajkovskj: Píanókonsert nr. 1
James Gaffigan hljómsveitarstjóri
Kirill Gerstein einleikari

28. apríl 2016 - Osborne leikur Shostakovitsj

- Jón Nordal: Choralis
- Dmitrj Shostakovitsj: Píanókonsert nr. 2
- Béla Bartók: Rúmenskir þjóðdansar
- Witold Lutosławski: Konsert fyrir hljómsveit
Daníel Bjarnason hljómsveitarstjóri
Steven Osborne einleikari

2. júní 2016 - Rússnesk veisla

- Sergej Prokofjev: Sinfónía nr. 1 (Klassíska sinfónían)
- Aleksandr Glazúnov: Fiðlukonsert
- Dmitrj Shostakovitsj: Sinfónía nr. 1
Gennadj Rosdestvenskij hljómsveitarstjóri
Alexander Rosdestvenskij einleikari

Græn tónleikaröð

17. september 2015 - Mozart og Beethoven

- Wolfgang Amadeus Mozart: Don Giovanni, forleikur
- Wolfgang Amadeus Mozart: Píanókonsert nr. 23 í A-dúr
- Ludwig van Beethoven: Egmont, forleikur
- Ludwig van Beethoven: Sinfónía nr. 8
Matthew Halls hljómsveitarstjóri
Robert Levin einleikari

22. október 2015 - Uppáhalds Rússar

- Modest Músorgskij: Nótt á nornagnípu
- Sergej Prokofjev: Píanókonsert nr. 3
- Pjotr Tsjajkovskj: Sinfónía nr. 5
Osmo Vänskä hljómsveitarstjóri
Behzod Abduraimov einleikari

7. janúar 2016 - Vínartónleikar 2016

(endurteknir 8. jan. kl. 19:30 og 9. jan. kl. 16 og 19:30)

- Johann Strauss yngri: Leðurblakan, forleikur
- Johann Strauss yngri: Klänge der Heimat úr Leðurblökunni
- Johann Strauss yngri: Wo die Zitronen blühen, vals
- Franz Lehár: Lied: Dein ist mein ganzes Herz úr óperettunni Brosandi land
- Johann Strauss yngri: Im Krapfenwaldl
- Johann Strauss yngri: Kaiser Walzer úr óperettunni Fuglasalinn
- Carl Zeller: Schenkt man sich Rosen in Tirol úr óperettuni Fuglasalinn
- Franz von Suppé: Ein Morgen, Mittag und Abend in Wien, forleikur
- Nico Dostal: Spiel mir das Lied von Glück und Treu úr óperettunni Ungverska brúðkaupið
- Rudolf Siczynski: Wien du Stadt meiner Träume
- Johann Strauss yngri: Egypskur mars
- Johann Strauss yngri: Éljen a Magyar!
- Franz Lehár: Lippen schweigen úr Kátu ekkjunni
- Johann Strauss yngri: An der schönen blauen Donau (Donárvalsar)
- Emmerich Kálmán: Tanzen möcht ich
- Johann Strauss yngri: Unter Donner und Blitz (aukalag)
- Johann Strauss: Radetzky mars (aukalag)
Ola Rudner hljómsveitarstjóri
Guðrún Ingimarsdóttir einsöngvari
Elmar Gilbertsson einsöngvari

3. mars 2016 - Arvo Pärt og Hamrahlíðarkórarnir

- Arvo Pärt: Cantus in memoriam Benjamin Britten
- Arvo Pärt: Te Deum
- Henryk Mikołaj Górecki: Sinfónía nr. 3
Tõnu Kaljuste hljómsveitarstjóri
Hallveig Rúnarsdóttir einsöngvari
Hamrahlíðarkórarnir, Þorgerður Ingólfssdóttir kórstjóri

12. maí 2016 - Rhapsody in Blue

- Leonard Bernstein: Candide, forleikur
- Leonard Bernstein: Þrír dansþættir úr On The Town
- George Gershwin: Rhapsody in Blue
- Samuel Barber: Adagio fyrir strengi
- Aaron Copland: Appalachian Spring, svíta
JoAnn Falletta hljómsveitarstjóri
Orion Weiss einleikari

Föstudagsröðin

4. mars 2016 - Meistarar laglínunnar

- Arvo Pärt: Spiegel im Spiegel, fyrir fiðlu og píanó
- Pjotr Tsjajkovskíj: Sinfónía nr. 4
Daníel Bjarnason hljómsveitarstjóri
Anna Guðný Guðmundsdóttir píanó
Nicola Lolli fiðla

1. apríl 2016 - Hafið, hafið...

- Maurice Ravel: Jeux d'eau, fyrir píanó
- Toru Takemitsu: Toward the Sea, fyrir altflautu og hörpu
- Claude Debussy: La mer
Daníel Bjarnason hljómsveitarstjóri
Birna Hallgrímsdóttir píanó
Melkorka Ólafsdóttir altflauta
Katie Buckley harpa

6. maí 2016 - Tímamótaárið 1910

- Claude Debussy: Prelúdíur fyrir píanó
- Anton Webern: Fjórir þættir fyrir fiðlu og píanó
- Ígor Stravinskíj: Eldfuglinn, svíta (1945)
Daníel Bjarnason hljómsveitarstjóri
Anna Guðný Guðmundsdóttir píanó
Sif Margrét Tulinius fiðla

Litli tónsprotinn

26. september 2015 - Maxímús Músíkús heimsækir hljómsveitina

- Maurice Ravel: Bóleró
- Ludwig van Beethoven: Sinfónía nr. 5, fyrsti þáttur
- Aaron Copland: Hátíðargjall fyrir hinn almenna borgara
- Sigvaldi Kaldalóns: Á Sprengisandi
- Hallfríður Ólafsdóttir: Lagið hans Maxa
Hallfríður Ólafsdóttir hljómsveitarstjóri
Valur Freyr Einarsson sögumaður

12. desember 2015 - Jólatónleikar

(endurteknir 12. des. kl. 16 og 13. des. kl. 14 og 16)

- Leroy Anderson: Jólaforleikur
- Ingibjörg Þorbergs: Hin fyrstu jól
- Ýmsir: Jólasnjór (úts. Hrafnkell Orri Egilsson)
- Georg Friedrich Händel: Joy to the World (úts. Linda Mckechnie)
- Emile Waldteufel: Skautavalsinn
- Robert og Kristen Anderson-Lopez: Viltu koma og gera snjókarl? (úts. Hrafnkell Orri Egilsson)
- Ronan Hardiman: Lávarður dansins
- Sigvaldi Kaldalóns: Nóttin var sú ágæt ein (úts. Hrafnkell Orri Egilsson)
- Franz Gruber: Heims um ból (úts. Sigurður Ingvi Snorrason)
Bernharður Wilkinson hljómsveitarstjóri
Halldóra Geirharðsdóttir sögumaður
Dísella Lárusdóttir einsöngur
Kolbrún Völkudóttir einsöngur á táknmáli
Pétur Orri Arnarsson einleikari á klarínett
Laufey Lín Jónsdóttir einleikari á selló
Krúttkór Langholtskirkju, Björg Þórsdóttir og
Thelma Hrönn Sigurdórsdóttir stjórnendur
Kórskóli Langholtskirkju, Bryndís Baldvinsdóttir
stjórnandi
Graduale Futuri, Rósa Jóhannesdóttir stjórnandi
Gradualekór Langholtskirkju, Jón Stefánsson og

Harpa Harðardóttir stjórnendur

